

Skipulagsstofnun  
Ómar Ingþórsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 30. september 2017  
UST201709-156/B.S.  
08.14.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Jarðgerð á Reyðarfirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að jarðgera 450-550 tonn af lífrænum úrgangi árlega, en sótt hefur verið um starfsleyfi til Heilbrigðisstofnunar Austurlands til að taka á móti til vinnslu 600 tonnum árlega.

Þessi starfsemi er í samræmi við landsáætlun um meðhöndlun úrgangs þar sem gerð er sú krafa að dregið verði úr urðun lífræns úrgangs og er sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar viðleitni í þá átt.

Eingöngu er ráðgert að jarðgera lífrænan heimilisúrgang, en hvorki sláturúrgang né dýrahrae.

Helst er talið að hætt á mengun stafi af völdum örvera. Ef framleiðsa moltunnar heppnast eins og til er ætlast er ekki gert ráð fyrir að skaðlegar bakteríur verði í fullunninni moltu. Sýni verða tekin til að sannreyna að svo sé.

Framleiðslan fer fram á lokaðu athafnasvæði. Fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum er um 500 m ætti því að draga úr líkum á lyktarmengun og vinna með háværum vélum fer hvorki fram snemma morguns né að kvöldlagi. Ráðgert er að þekja múga með viðarkurli til að hindra ásókn fugla í moltuna. Reynt verður að fækka öðrum meindýrum á svæðinu.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfallst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri